

Nd.
um endurhæfingu.

76. Tillaga til þingsályktunar

[70. mál]

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta reglugerð um Stjórnarráð Íslands þannig að liðurinn C. 3 í 4. gr.: Félagsmálaráðuneyti: „Endurhæfingu, læknisfræðilega og starfslega, vegna skertrar starfshæfni, endurhæfingarstöðvar, styrktar-sjóði vangefinna, fatlaðra og blindra svo og erfðafjársjóð“ færist til 7. gr.: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Jafnframt skorar Alþingi á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að stofna nefnd, sem skipuð sé sérfræðingum og fulltrúum fatlaðra, til þess að vinna að laga-breytingum og nýjum lögum er felli endurhæfinguna að heilsugæslu- og heilsu-verndarkerfinu, þó þannig að starfsgrundvöllur áhugamannafélaga verði í engu skertur.

Nefndinni skulu tryggðir fjármunir til þess að ráða sér starfsmann.

Greinargerð.

Í löndum, þar sem lífskjör eru sæmileg og heilsugæsla vel skipulögð, er fötlun algengasta mannamein. Fötlun getur verið bæði andleg og líkamleg og orsakir hennar margvíslegar; hún getur verið meðfædd, afleiðing slysa og hinna ólíkustu sjúkdóma. En sé fötlun skoðuð í heild tekur hún til ótrúlegs fjölda fólks. Í Svíþjóð og Noregi hafa verið framkvæmdar tölfræðilegar kannanir á tíðni fatlana og leitt í ljós að ekki minna en tíundi hver maður verði fatlaður á lífsleiðinni, mismunandi lengi og mismunandi alvarlega. Í Svíþjóð er talið að 500 000 manna á vinnu-aldri eigi við líkamlega fötlun að stríða, og fimmtí hluti þessa stóra hóps sé svo illa fatlaður að menn eigi erfitt með jafn-óhjákvæmilegar daglegar athafnir og að klæða sig úr og í, matast, fara á salerni og annast líkamlegt hreinlæti. Skýrslur sjúkrasamlaga í Svíþjóð sýna að árlega koma 150 000 langdvalarsjúklingar á sjúkrahús og að um þriðjungur þeirra þurfi á endurhæfingu að halda. Í Svíþjóð eiga menn þess kost að fá ellilaun fyrr en almennar reglur kveða á um. Fjöldi þessa fólks hefur aukist úr 150 000 manns í janúar 1965 í ca. 278 000 í janúar 1974 og meginástæðan er talin skortur á aðstöðu til endurhæfingar.

Í Svíþjóð verða 135 000 manns árlega fyrir vinnuslysum. Um 2 500 verða fyrir varanlegri fötlun af þeim sökum og 400 fyrir fötlun á háu stigi. Þar í landi eru um 15 000 manns árlega lagðir á sjúkrahús vegna afleiðinga af umferðarslysum, og um helmingur þeirra, eða 7 000—8 000 manns, hefur reynst eiga við einhvers konar fötlun að stríða fimm árum síðar. Þar eru oft um mænuskaddanir að ræða. Árlega bætast við í Svíþjóð 150 alvarlega mænuskaddaðir sjúklingar, flestir ungir, og þeir ná nú oft háum aldri.

Þessar tölur eru teknar úr sænska lækna blaðinu frá 12. maí í ár. Jafnna-kvæmar kannanir munu ekki tiltækar hérlandis, en allt bendir til þess að fötlunar-sjúkdómar séu engu fátíðari á Íslandi, þótt hlutfallið milli tegunda þeirra kunni að vera eitthvað á aðra lund. Þar sem fötlun af einhverju tagi verður hlutskipti tíunda hvers manns og vel það, þótt mislengi sé, er líóst að hér er um að ræða það mannamein sem viðtækast er á sviði heilbrigðismála.

Skipuleg og viðtæk endurhæfingarstarfsemi á sér miög stuttan aldur í sögu mannkynsins. Að vísu hefur verið unnið allengi að félagslegum stuðningi við ýmsa fötlunarhópa. Fyrsta stofnunin til þess að annast blinda var sett á laggirnar í París 1260. Það gerði Lúðvík sá sem sæmdur varð öfugnefninu helgi, og stofnunin átti að annast hermenn sem orðið höfðu blindir í fyrstu krossför hans. Þetta var hó framfærslustofnun, en ekki endurhæfingarstofnun, og sama máli gegndi um hliðstæðar stofnanir aðrar um langan aldur. Í rauninni er það ekki fyrr en með heimsstyrriöldinni síðari að endurhæfing er hafin á skipulegan hátt, enda urðu fatlanir þá tíðari en á friðartímum. Þessi endurhæfingarstarfsemi hefur eflst miög síðan og mótað heilbrigðisþjónustuna í æ ríkara mæli í löndum þar sem heilsugæsla er vel þróuð. Svo að tekið sé dæmi af Svíþjóð hófst skipuleg endurhæfingarstarfsemi á sjúkrahúsum þar á sjötta áratug þessarar aldar og reglugerð um há starfsemi var gefin út 1954. Ný reglugerð um enn viðtækari endurhæfingarstarfsemi var gefin út 1964, og 1. júlí 1969 var endurhæfingin gerð að sérgrein innan heilbrigðisþjónustunnar. Árið 1973 voru endurhæfingarstöðvar gerðar að þætti í heilbrigðisþjónustunni.

Þegar lögum um Stjórnarráð Íslands var breytt 1969 og m. a. stofnað sérstakt heilbrigðisráðuneyti, var endurhæfing og mál, sem henni voru tengd, látin halda sér innan félagsmálaráðuneytisins. Endurhæfingarfélög, sem fyrst og fremst hafa verið stofnuð að frumkvæði almannasamtaka, eins og Samband íslenskra berkla-sjúklinga, sem unnið hefur afreksverk, flokkast undir félagsmálaráðuneytið. Líkt og lítið sé á endurhæfingu sem vandamál vinnumarkaðarins, en ekki þeirra einstaklinga sem berlast við fötlun. Þetta eru leifar af gömlum og úreltum viðhorfum, þar sem heilbrigðisþjónustunni var ætlað það hlutverk eitt að vinna bug á sjúk-

dómum og gera að meinum þeirra sem urðu fyrir slysum, án þess að sinna þeirri fötlun sem oft fylgdi í kjölfarið. Í baráttu gegn fötlun kemur vissulega fleira til en hrein læknávisindi, einnig félagslegir þættir sem m. a. stefna að því að gera fatlað fólk vinnufært, en læknisávisindin eru tvímælalaust grundvöllurinn, og heildarskipulagið verður að vera í samræmi við það. Því er hér lagt til að endurhæfingarstarfsemi af öllu tagi verði flutt frá félagsmálaráðuneytinu til heilbrigðisráðuneytisins, endurhæfingarstofnanir verði tengdar sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum um land allt falið að vinna að endurhæfingu. Hins vegar er lögð áhersla á að þau fjölmörgu samtök áhugamanna, sem hér hafa risið upp og vinna að endurhæfingu, fái sem viðtækastan og jákvæðastan starfsgrundvöll áfram.

Þá gerir tillagan ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra skipi nefnd fatlaðra og sérfræðinga til þess að endurskoða alla löggjöf um endurhæfingu. Þróunin á þessu sviði hefur orðið svo ör að íslenska löggjöfin er orðin úrelt í ýmsum meginatriðum. Það, sem gerst hefur smánarlegast á því sviði, er sú stórfellda lækun á raungildi örorkulífeyris og örorkubóta sem framkvæmd hefur verið á síðustu tveimur árum og er íslensku þjóðfélagi til vanvirðu. Auk þess er meginatriði að vinna sem skipulegast að því að tryggja fötluðu fólki atvinnu, rjúfa þannig einangrun þess og tryggja því vinnutekjur. Sú stórfellda breyting, sem orðið hefur á atvinnuháttum undanfarna áratugi, m. a. með aukinni vélvæðingu, gerir fötluðum kleift að taka þátt í framleiðslustarfseminni í miklu ríkara mæli en áður var. Þá er ástæða til þess að leggja áherslu á að koma upp vel búnum opnum göngudeildum, þar sem fólk geti fengið þjálfun þó það búi heima hjá sér og njóti sömu kjara, t. d. í sambandi við lyfjakaup, og þeir sem á sjúkrahúsum dveljast. Sem dæmi um það hve víða skórin kreppir að skulu hér birtar þrjár ályktanir frá síðasta þingi Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra. Þar er aðeins fjallað um þrjá afmarkaða þætti, en heildarviðfangsefnið er mun margbreytilegra.

Samþykkt 18. þings Sjálfsbjargar l. s. f. um: Tryggingamál.

1. Örorkulífeyrir einstaklings að viðbættri tekjutryggingu verði ekki lægri en sem svarar 80% af almennu dagvinnukaupi.
2. Örorkulífeyrir einstaklings án tekjutryggingar verði ekki lægri en sem svarar 40% af almennu dagvinnukaupi.
3. Með skírskotun til 78. greinar laga um almannatryggingar krefst þingið þess, að breytingar á upphæðum bóta verði gerðar samtímis breytingum á kaupi í almennri verkamannavinnu.
4. Úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 112/1972 og nr. 62/1974, 1. gr.: 50. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum er sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem vantar. Ef hlutaðeigandi er algjörlega tekjulaus, skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% lágmarksbóta. Heimilt skal Tryggingastofnuninni að hækka bætur þessar í allt að 50% lífeyris, enda telji viðkomandi stofnun það nauðsynlegt miðað við þarfir umsækjanda á stofnuninni. Hafi bótaþegi tekjur, sem þó eru undir 50% lífeyris, skal Tryggingastofnuninni og heimilt að greiða mismun þeirra tekna annars vegar og 50% lífeyris hins vegar, að fenginni tillögu hlutaðeigandi stofnunar.
5. Þingið skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að hlutast til um að sjúkratryggingar greiði að fullu læknishjálp lífeyrisþega, sem dvelja í heimahúsum.
6. Þingið telur fyllilega tímabært, að tryggingakerfið verði gert sveigjanlegra en verið hefur, til dæmis með því, að opnaðir verði möguleikar fyrir lífeyrisþega

til að fá lán hjá Tryggingastofnun ríkisins til lagfæringa eða kaupa á eigin húsnæði.

7. Endurskoðuð verði 12. grein almannatryggingalaganna varðandi örorkumat, þannig að breytt verði tekjuviðmiðun greinarinnar.
8. Þingið telur nauðsynlegt að allir þjóðfélagsþegnar verði slysatryggðir, hvort heldur þeir eru í starfi eða ekki og án tillits til aldurs.
9. Þingið skorar á Alþingi að hraða setningu löggjafar um sérstakan tryggingadómstól samkv. 6. grein almannatryggingalaganna.
10. Þingið skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að hraða könnun framfærslukostnaðar, sem fram átti að fara á þess vegum, samkv. lögum nr. 13 frá 23. maí 1975.
11. Þingið skorar á fjármálaráðuneytið að fella niður tolla og skatt af öllum hjálpartækjum fatlaðra.
12. Þingið bendir á þá herfilegu afturför, að lífeyrisþegar þurfi að greiða sjúkra-tryggingagjöld, og telur að bráðabirgðalög nr. 95/1976 séu mistök, sem beri að leiðrétta.
13. Þingið lítur svo á, að hjón eigi að fá greiddan lífeyri, sem samsvarar lífeyri tveggja einstaklinga.
14. Þingið telur að eitt aðalverkefni félagsdeildanna sé að afla sér upplýsinga um bótarétt félaga og gæta þess að einstaklingar noti allan rétt sem þeim ber.
15. Þingið beinir því til Tryggingastofnunar ríkisins að rýmkuð verði nú þegar ákvæði um niðurgreiðslu á skóm fyrir fatlaða.
16. Að barnalífeyrir verði greiddur með börnum örorkulífeyrisþega þótt börnin eigi ekki lögheimili hér á landi.

Samþykktir 18. þings Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra um: Farartækjamál.

1. Á næsta ári verði úthlutað eftirgjöf aðflutningsgjalda af fimm hundruð bifreiðum til öryrkja.
 2. Af hinni árlegu úthlutun verði felld niður að fullu aðflutningsgjöld af bifreiðum til þeirra öryrkja, sem ekki komast ferða sinna án farartækis, og fái þeir jafnframt endurveitingu á þriggja ára fresti. Enn fremur verði hin almenna eftirgjöf ekki lægri en sem svarar aðflutningsgjöldum af bifreiðum í meðalverðflokki, og endurveiting verði á fjögurra ára fresti.
 3. Ef fötlun viðkomandi hefur breyst á leyfistímabilinu og bifreiðin þess vegna ekki nothæf að mati Bifreiðaeftirlits ríkisins verður endurveiting aðflutningsgjalda leyfð að nýju.
 4. Öryrkjar hafi frjálst val bifreiðategunda.
 5. Öll þau hjálpartæki, sem fatlaðir þurfa að nota í bifreiðar sínar, verði greidd eins og önnur nauðsynleg hjálpartæki 70—100%, þar með talin sjálfskipting, vökvastýri, aflhemlar, talstöðvar og fjarstýrður rafknúinn útbúnaður til að opna og loka bílskúrshurðum.
 6. Þingið leggur áherslu á að taka í notkun sem allra fyrst talstöðvar í bifreiðar fatlaðra.
 7. Að talstöðvum verði úthlutað til mikið fatlaðra ökumanna og afnotagjald verði fellt niður.
 8. Tryggingastofnun ríkisins veiti lífeyrisþegum vaxtalaus lán til bifreiðakaupa og vextir af lánum til annarra bótaþega verði lækkaðir verulega frá því sem nú er.
- Lánin verði að minnsta kosti helmingur af andvirði bifreiða í meðalverðflokki, að frádreginni eftirgjöf.
9. Að Endurhæfingarráð ríkisins sjái svo um að þeir öryrkjar, sem þurfa á ökukennslu að halda vegna atvinnu sinnar eða endurhæfingar, fái ókeypis ökukennslu, sbr. 14. gr. b-lið í lögum um endurhæfingu frá 1. júlí 1974.

10. Að Tryggingastofnun ríkisins veiti lífeyrisþegum, sem njóta tekjutryggingar, sérstakan styrk til rekstrar eigin bifreiðar og ábyrgist jafnframt sjálfsábyrgð bifreiðartrygginganna fyrir sömu aðila. Tekjulausir lífeyrisþegar, sem að mati læknis geta ekki ekið bifreið sjálfir, fái sérstakan bifreiðastyrk.
11. Vegna þeirrar nauðsynjar fatlaðs fólks að eiga bifreið, beinir þingið þeirri áskorun til skattayfirvalda að rekstrarkostnaður og afskriftir bifreiðar þeirra verði frádráttarbær við álagningu tekjuútsvars og tekjuskatts og verði þar um settar ákveðnar reglur.
12. Söluskattur verði ekki reiknaður af eftirgefnum aðflutningsgjöldum til öryrkja, heldur leggist hann við eftirgjafaupphæðina og fyrnist á sama tíma og hún.
13. Þungaskattur af dísilbifreiðum örorkulífeyrisþega til einkaafnota verði felldur niður.
14. Samtökin láti framleiða merki fyrir fatlaða bifreiðastjóra til nota í neyðartilvikum og verði þeim úthlutað skv. sömu reglum og P-merkjum fatlaðra.
15. Samtökin vinni að því við samgönguráðuneytið að P-merki fatlaðra bifreiðastjóra gildi yfir allt landið, en ekki eingöngu í lögsagnarumdæmi viðkomandi, eins og nú er, og kynni lögreglustjóraembættum þann rétt sem þau veita fötluðum öikumönnum.

Greinargerð.

Sjálfsbjörg l. s. f. vill vekja sérstaka athygli ríkisvaldsins á því, að þær gifurlegu verðhækkanir á bifreiðum, sem orðið hafa síðan 1971 eða um 400—500%, gera tekjulitlum örorkulífeyrisþegum ókleift að eignast eða endurnýja bifreið.

Þá vilja samtökin einnig vekja sérstaka athygli á, að á hinum Norðurlöndunum er fötluðum gert miklu auðveldara að eignast bifreið, svo sem með hærri vaxtalausum lánnum og styrkjum.

Enn fremur vilja samtökin vekja athygli á þeirri miklu hækkun, sem orðið hefur á rekstri bifreiða, sem veldur því að næstum útilokað er að tekjulitlir örorkulífeyrisþegar geti rekið eigin bifreið. Meðf. tillögur 18. þings samtakanna um farartækjamál benda á þau atriði sem samtökin leggja megináherslu á, og munu þau vinna markvisst að því að réttur fatlaðs fólks verði tryggður í þessu hagsmunamáli.

Samþykkt 18. þings Sjálfsbjargar, l. s. f. um: Atvinnumál.

1. 1. Þar sem fólki, sem býr við skerta starfsorku, hefur reynst erfitt að fá atvinnu við sitt hæfi, hefur reynslan orðið sú, að það hefur neyðst til að eyða ævi sinni atvinnulaust, heima eða á stofnunum, sem óneitanlega verður þjóðinni dýrara heldur en ef þessum hópi væri gert kleift að komast út í atvinnulífið og leggja sitt af mörkum í uppbyggingu þjóðfélagsins og þjóðarbúsins. Þingið álitur því, að leysa þurfi atvinnumál þessa hóps hið bráðasta, og leggur þessar tillögur til grundvallar.
2. Þingið beinir þeirri áskorun til ríkis og sveitarfélaga, að þau taki upp samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 18/3 1976, um skipulagða, sérhæfða vinnumiðlun fyrir öryrkja, þar sem mikið skortir á, að fólk með skerta vinnugetu eigi kost á störfum við sitt hæfi. Viljum við leggja sérstaka áherslu á, að þeir, sem annast mannaráðningar hjá fyrrgreindum aðilum, sjái jafnan um, að tiltekinn fjöldi öryrkja (fatlaðra) sé í vinnu á vegum þeirra og sjái til þess, að þeir fullnægi á sómasamlegan hátt því ákvæði í lögum um endurhæfingu, að þeir, sem notið hafa endurhæfingar, eigi forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.
3. Að marggefnu tilefni ber að ítreka til Arkitektafélags Íslands, að við hönnun nýbygginga, svo sem atvinnu- og þjónustubygginga, sé gert ráð fyrir að fatlað fólk eigi greiðan aðgang um. Sérstaklega ber að athuga snyrtiherbergi og dyrabreidd.

4. Þingið beinir þeirri áskorun til Endurhæfingarráðs, að það hefji tafarlaust aukna kynningu á atvinnumálum öryrkja (fatlaðra) í samvinnu við Sjálfsbjörg í fjölmiðlum.
5. Einnig komi mjög til greina, að gefinn væri út bæklingur um endurhæfingarlögin í svipuðu formi og kynningarbæklingar Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Þeim hópi fatlaðs fólks, sem ekki getur fengið atvinnu á almennum vinnu-
markaði, þarf að skapa skilyrði til vinnu á vernduðum vinnustöðum. Á vegum
öryrkjafélaganna í landinu eru reknar nokkrar vinnustofur, sem veita litlum
hluta þessa fólks atvinnu. Gera þarf stórt átak til þess að fjölga vernduðum
vinnustöðvum. Leggur þingið áherslu á að vinnustofu landssambandsins verði
veitt nauðsynleg fjármagnsfyrirgreiðsla til þess að hún geti hafið störf sem
fyrst.